

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2141****2022/EES/53/15****frá 3. desember 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2129 að því er varðar tíðni eftirlits með ástandi
tiltekinna samsettra afurða sem koma inn til Sambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a- og c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 54. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að setja reglur um samræmda beitingu að því er varðar viðeigandi tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sendinga af flokkum dýra og vara sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 ⁽²⁾ eru fastsettar grunnviðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem fram fer með afurðum úr dýraríkinu, kímejni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum sem koma inn í Sambandið, að teknu tilliti til upplýsinga er varða þá áhættu sem tengist flokkum dýra eða vara og fyrirbyggjandi vísindalegra mata.
- 3) Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽³⁾ hefur verið beitt frá og með 21. apríl 2021 og í henni er mælt fyrir um nýjar kröfur vegna sendinga af samsettum afurðum sem koma inn í Sambandið. Í 2. mgr. 12. gr. þeirrar framseldu reglugerðar er gerður greinarmunur á mismunandi flokkum samsettra afurða. Þessir flokkar eru byggðir á eðlisefnafræðilegum eiginleikum unninna afurða úr dýraríkinu sem eru í hverjum flokki af samsettum afurðum og þeirri áhættu sem tengist þessum unnu afurðum.
- 4) Samsettu afurðirnar sem falla undir c-lið 2. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 skapa minnstu áhættuna af hinum ýmsu flokkum samsettra afurða sem falla undir a- til c-lið 2. mgr. 12. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Þar að auki hafa fá tilvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum komið í ljós og verið skráð í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit við landamæraeftirlit með þessum flokki samsettra afurða frá þeim degi þegar framseld reglugerð (ESB) 2019/625 kom til framkvæmda. Til að tryggja að stjórnsýslubyrði aðildarríkjanna sé í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af vörum sem koma inn í Sambandið þykir rétt að draga úr grunntíðni eftirlits með ástandi þessa flokks samsettra afurða niður í 5%.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (Stjttíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjttíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

- 5) Því ætti að breyta I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2129 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2129 kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Grunnviðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi sendinga af dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálmni og samsettum afurðum

Grunnviðmiðanir til að ákvarða grunntíðni fyrir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi		Grunntíðni sem gildir um	
Áhættuflokkur	Flokkur dýra eða vara (*)	Sannprófun auðkenna	Eftirlit með ástandi
I	Dýr	100%	100%
II	<ul style="list-style-type: none"> — Hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt og unnin kjötvara til manneðis — Alifuglakjöt til manneðis — Kanínukjöt, kjöt af veiðidýrum og kjötafurðir úr þeim til manneðis — Egg til manneðis — Eggjaafurðir til manneðis sem eru geymdar frystar eða kældar — Mjólk til manneðis — Mjólkurafurðir og afurðir, að stofni til úr broddi, til manneðis, sem eru geymdar frystar eða kældar — Lagarafurðir úr lagareldi og samlokur til manneðis sem eru ekki í loftþéttum ílátum sem er ætlað að halda þeim óskemmdum við umhverfishita — Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til fôðrunar alidýra 	100%	30%
III	<ul style="list-style-type: none"> — Kjöt, annað en kjöt sem um getur í II. áhættuflokki, og kjötafurðir úr slíku kjöti, til manneðis — Brædd dýrafita og hamsar til manneðis — Alifuglakjöt til manneðis — Eggjaafurðir til manneðis, aðrar en þær sem um getur í II. áhættuflokki — Mjólkurafurðir og afurðir, að stofni til úr broddi, til manneðis, aðrar en þær sem um getur í II. áhættuflokki — Lagarafurðir aðrar en þær sem um getur í II. áhættuflokki — Hunang og aðrar býræktarafurðir til manneðis — Lagarafurðir aðrar en þær sem um getur í IV. áhættuflokki — Útungunaregg — Lífrænn áburður og jarðvegsbætur úr aukaafurðum úr dýrum — Froskalappir og sniglar til manneðis — Skordýr til manneðis 	100%	15%
IV	<ul style="list-style-type: none"> — Gelatín og kollagen til manneðis — Garnir — Sæði og fósturvísar — Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, aðrar en þær sem um getur í II. og III. áhættuflokki — Samsettar afurðir sem falla undir c-lið 2. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 	100%	5%
V	<ul style="list-style-type: none"> — Mikið unnar afurðir til manneðis — Hey og hálmur — Afurðir, aðrar en þær sem um getur í II., III. og IV. áhættuflokki 	100%	1%

(*) Tíðni eftirlits með ástandi sendinga af vörusýnishornum skal vera í samræmi við lýsinguna á vöruflokkunum í þessum viðauka.“